



Blanda



Blanda hefur skipað sér öruggt sæti sem ein af bestu laxveiðiam Íslands með sérstaklega öflugar stórlaxagöngur fyrri hluta sumars. Blanda fellur frá Hofsjökli til sjávar við Blönduós, og er talin 125 km. löng, með 2317 ferkm. vatnasvið.

Veidisvæði fjögur í Blöndu byrjar neðst á veiðistað númer 1 (Litla Klif) og upp að Rugludalshyl. Svæðið fyrir ofan Rugludalshyl er lítt kannað en veiðimerkingar hefjast við Rugludalshyl. **Öllum laxi yfir 70 cm skal sleppa.**

Leyfilegt agn: Fluga, Maðkur, Spúnn til 10. júlí. Eftir það er einungis fluga leyfð.
Stangafjöldi: 3 stangir.
Daglegur veiðitími:
 20. júní – 20. ágúst: Kl. 7:00 til 22:00
 21. ágúst – 20. september: Kl. 8:00-21:00